

Ed.

248. Nefndarálit

[88. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 52 5. júní 1957, um eyðingu refa og minka.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur rætt frumv. á tveimur fundum og sent það til umsagnar dr. Finni Guðmundssyni náttúrufræðingi, Búnaðarfélagi Íslands og veiðistjóra Sveini Einarsyni.

Dr. Finnur mælir eindregið með, að frumv. verði gert að lögum.

Afstaða veiðistjóra til frumv. er einnig jákvæð í höfuðatriðum. Þó telur hann, að einhver kostnaðarauki verði við eyðingu refa, ef eitrun verður lögð niður. Í öðru lagi telur hann, að verðlaun fyrir að vinna hlauparefi þurfi að hækka meira en frumv. gerir ráð fyrir. Í þriðja lagi telur hann þörf á, að selt verði hámarksákvæði um verðlaun fyrir að vinna grendýr samkv. fyrri málsgr. 8. gr. laganna, og nefnir 350 kr. fyrir fullorðin dýr og 200 kr. fyrir hvern yrðling. En eftir ákvörðun greinarinnar, eins og hún er, hafa gilt um þetta samningar milli veiðimanna og sveitarfélaga, mjög mismunandi á hinum ýmsu stöðum. Þá er það enn skoðun veiðistjóra, að skynsamlegt sé að leggja refaeitrun niður í nokkur ár með það fyrir augum að vernda arnastofninn. Hann segir orðrétt um árangur af eitrun fyrir refi: „Reynsla mín er sú, að þar sem eitrun hefur legið niðri um nokkur ár, hefur árangur orðið langmestur af eitruninni, þegar hún er tekin upp á ný, og þannig álit ég að eitrun eigi að fara fram.“ Í höfuðdráttum er veiðistjóri því meðmæltur, að hlé verði gert á eitrun fyrir refi og minka, en leggur til, að hléið verði 3 ár, en ekki 5.

Afstaða stjórnar Búnaðarfélagsins til frumv. er einnig fremur jákvæð, á sama hátt og afstaða veiðistjóra.

Að athuguðu máli og með hliðsjón af bendingum veiðistjóra og Búnaðarfélagsins leggur meiri hluti landbúnaðarnefndar til, að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum, sem hann flytur tillögur um á sérstöku þingskjali.

Minni hlutinn mun skila sérstöku álitu.

Alþingi, 6. febr. 1964.

Bjartmar Guðmundsson,  
form., frsm.

Sig. Ó. Ólafsson,  
fundaskr.

Jón Þorsteinsson.